

Verktakar í sölukerfinu

Síðast uppfært 24/06/2026 4:59 pm BST

Til þess að fylgja lögum og kröfum þá getur sölu-skipulagið verið snúið með marga verktaka og marga posa. En ekki hafa áhyggjur, við leysum það á einfaldan máta með sölukerfinu okkar.

Ef viðskiptavinir eru að greiða fyrir þjónustur og/eða vörur í tveimur mismunandi posum, þá þurfa tveir mismunandi reikningar að standa að baki greiðslanna tveggja.

Hver reikningur þarf að vera útgefinn af réttum söluaðila, sem er stundum stofan og stundum verktakinn.

Setja upp verktaka í sölukerfinu

- Verktaki skráir sig inn á sinn eigin Noona HQ aðgang. Ef þú ert ekki viss geturðu farið undir **Stillingar** - > **Almennt** og séð þar netfangið sem er innskráð.
- Ferð undir **Stillingar** -> **Salan mín**.
- Undir **Eigin sölureikningar** hakar þú í reitinn "**Gefa út eigin sölureikninga**" og fyllir út viðeigandi upplýsingar.

Salan mín

Eigin sölureikningar

Fylltu út upplýsingarnar hér til hliðar ef þú starfar sem sjálfstætt starfandi verktaki og þarft að gefa út reikninga á eigin kennitölu.

Gefa út reikninga á eigin kennitölu

Hvaða nafn á að birtast á reikningum?

Hvaða kennitala fer á reikninga?

VSK númer

Lögheimili

Vista

✓ Nú ert þú skráð/ur sem verktaki í sölukerfinu!

Hvernig afgreiða verktakar í sölukerfinu?

Ef einn eða fleiri verktakar hafa sett upp **Eigin sölureikninga** inni á sínum aðgangi birtist þessi valmynd í hvert skipti sem **Ný sala** er stofnuð:

Veldu útgefanda ×

Noona IS

Arna hársnyrtir
1303942649

Einsi verktaki
3006903519

birna
0307982449


Hætta við

Hér er útgefandi reikningsins valinn sem mun koma til með að sjá um þessa sölu.

i Ef valið er **Afgreiða** inni í tímabókun mun Noona HQ sjálfkrafa velja útgefanda reikningsins eftir því hvaða starfsmanni tímabókunin er hjá.

Tvær sölugerðir í einu höggi

Stundum kemur það fyrir að viðskiptavinur ætlar að versna bæði við vektaka og stofuna sjálfa, t.d. þegar hann kaupir vöru frá stofnunni en þjónustu frá verktakanum. Þá hvetjum við til notkunar á **Nýr reikningur** virkninni.



Með þeirri virkni er hægt að græja báðar sölugerðir í einu og sama sölugerðinu.

Eins og sjá má á myndinni hér að neðan eru tveir reikningar frá mismunandi útgefendum í lok sölugerðisins.

The screenshot shows a web interface with two main panels. The left panel displays a bill titled "Reikningur #383" dated "Þriðjudagur 01. september 2020 15:34". It lists items: "1 X Bjarnagildra" for ISK 4.000, "Samtals án VSK" for ISK 2.452, "VSK upphæð" for ISK 1.548, and "Samtals með VSK" for ISK 4.000. It also includes "Greitt - Gjafabréf" for ISK 4.000 and "Eftirstöðvar" for ISK 0. The right panel is titled "Reikningur afgreiddur" and shows a checkmark icon. It contains several buttons: "Endurgreiða", "Eyða sölu", "Bæta við upplýsingum", "Senda kvittun", "Prenta kvittun", and "Vista kvittun". At the bottom of the right panel is a blue button labeled "Loka sölu".

Og þú getur meira að segja sent báða reikningana í einu á viðskiptavininn.

The screenshot shows a modal dialog box titled "Send reikning" with a close button (X) in the top right corner. It contains two checked items: "Reikningur #384 • Óskar Helgi Adamsson" and "Reikningur #383 • Noona". Below the items is a text input field labeled "Netfang" and a blue button labeled "Senda".

i Ef þú vilt sleppa við það að rukka viðskiptavininn í gegnum sitt hvorn posann fyrir vöru og þjónustu hvet ég þig til þess að skoða Noona Paylink. Með því getur þú rukkað fyrir hvoru tveggja í einni greiðslu en bak við tjöldin er lagt inn á sitt hvorn bankareikninginn. [Smelltu hér](#) til þess að fræðast um það.

Greiðslumáttar

Vissur þú að sem verktaki í kerfinu getur þú tengt posann þinn við sölukerfið, rukkað viðskiptavini fyrirfram og fengið staðfestingargjaldið lagt beint inn á þinn reikning?

Hér fyrir neðan geturðu skoðað möguleikana:

Noona Paylink

Greiðslulausn sem gerir þér kleift að rukka viðskiptavini með því að senda rukkun beint í símann þeirra með einum smelli úr sölukerfinu. [Smelltu hér](#) til þess að læra meira um hvernig Noona Paylink virkar.

Noona Pay

Það er ekki nauðsynlegt að vera í áskrift af sölukerfinu til þess að taka við fyrirframgreiðslum í gegnum Noona appið en það auðveldar reikningagerð og bókhaldið töluvert! [Smelltu hér](#) til þess að læra meira um hvernig fyrirframgreiðslur virka.

Tengja posa fyrir verktaka

Ef þú ert verktaki með eigin posa þá getur þú tengt hann við sölukerfið.

Leiðbeiningar fyrir posa frá Landsbankanum / Verifone

Leiðbeiningar fyrir posa frá Straumi

Leiðbeiningar fyrir posa frá Teya

Endilega hafðu samband við okkur í gegnum spjallbútbluna ef eitthverjar spurningar vakna og/ef þú ert með einhverjar ábendingar [?](#)
